

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

22. júní 2021

Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Drottningabrautarreit

Fráveita

Þar sem bílakjallari er undir húsum er ekki auðséð hvernig fráveitutengingum 16-18 verður háttað en samkvæmt fyrra skipulagi var gert ráð fyrir tengingu frá stofni í Hafnarstræti. Gera þarf ráð fyrir að dæla þurfi upp í fráveitukerfi úr bílakjöllum enda er gólfkóti þar neðan lagna.

Rafveita

Norðurorka hefur nú þegar lagt dreifikerfi/ strenglagnir á svæðið sem miðast við fyrra deiliskipulag, þ.e. sér heimtaug í hvert hús. Verði sótt um stærri heimtaugar en núverandi dreifikerfi var hannað fyrir eru líkur á að Norðurorka þurfi að leggja nýja strengi alla leið í Drst 035 (Austurbrú 2-4). Þess utan má gera ráð fyrir að Norðurorka komi fyrir götuskáp(um) innan lóðar til að dreifa heimtaugum í mannvirki, auk þess að tengja koparvír inn á eldra kerfi.

Hita- og vatnsveita

Hitaveitu- og vatnsveitutengingar eru til staðar samkvæmt fyrra skipulagi.

Óskað er eftir því að framkvæmdaraðili hafi samráð við Norðurorku um legu lagna innan lóða og inntaksstaði.

Norðurorka vill áréttta að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga, fellur kostnaður á þann er óskar breytinganna, eftir atvikum á Akureyrarbæ eða lóðarhafa háð framsetningu skipulagsyfirvalda á lóðarskilmálum.

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.

www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra